

## Skólaráð Áslandsskóla

Fundur 8. maí 2012

Mættir: Leifur S. Garðarsson skólastjóri— Unnur Elfa Guðmundsdóttir aðstoðarskólastjóri , Ása Marín Hafsteinsdóttir fulltrúi kennara— Halldóra Sigríður Hafsteinsdóttir – fulltrúi annars starfsfólks, Jóhanna Traustadóttir fulltrúi foreldra – Harpa Pálmadóttir fulltrúi foreldra. Ólafur Þórarinnsson fulltrúi kennara boðaði forföll.

1. Aðalnámskrá grunnskóla. Allir kennarar eru að lesa hana. Fundir fyrir stjórnendur og kennara hafa verið haldnir. Fyrirhugað er að vinna skapalón fyrir nýja aðalnámskrá sem allir skólar í Hafnarfirði vinna eftir á næstu árum. Mikið af breytingum og mikil vinna framundan hjá stjórnendum og kennurum.
2. Styrkir úr endurmenntunarsjóði. Skólinn fékk styrk til að þróa námsmat í tengslum við nýja aðalnámskrá og einnig styrk fyrir hópefli starfsmanna.
3. Comenius – 3 kennarar voru að koma heim úr ferð. Frábær kynning á skólanum frá 3. bekk. Næstu ferðir fyrirhugaðar í október 2012, febrúar 2013 og maí 2013.
4. Næsta skólaár – húsnæðismál og ráðningar. Fundur í dag um byggingu íþróttahúss við skólann . Kennarastöður voru auglýstar um helgina fyrir almenna kennslu í 1. bekk .
5. Heilsdagsskóli – umræður og skoðanaskipti. Foreldraráð mun hitta ITH á fundi nú á vordögum.
6. Kaffisþjall – fyrirkomulag næsta vetur. Hafa skólakynningu og kaffisþjall saman og þá seinni partinn.
7. Skólakynningar í 1. ,5. og 8. bekk í haust
8. Skólafærni námskeið fyrir 1. bekk – fyrri hlutinn er núna 15. maí og seinni hlutinn er fyrsta þriðjudag í september. Foreldrafélagið athugar með mat á fundartíma fyrir foreldra.
9. Vorhátíð 1. Júní. Dagskrá á sal, verið að athuga þar sem 10. bekkur kemur heim úr útskriftarferðalagi sínum þann dag.
10. Félagsstarf nemenda. Gellir og Krístrún. Ekki mjög sterkt starf í vetur. Upplýsingaflæði ekki mjög gott og of seint látið vita um skemmtanir og viðburði. Lítil mæting af þessum sökum. Léleg mæting í hin ýmsu boltamót og þeim þá frestað. Vantar ytra skipulag í byrjun skólaárs fyrir allt skólaárið í senn. Árshátíð nemenda heppnaðist vel en allt var á síðustu stundu varðandi skipulag og þess háttar. Gott mál að hafa skemmtiatriði um daginn og hafa svo bara ballið um kvöldið.
11. Önnur mál:
  - Könnun um líðan: má bæta inn „líðan í rútu“. Verður á nýrri könnun á næsta skólaári
  - Nestissalur: starfsmaður á efri hæð. Ekki fastur heldur er flæði á starfsfólki í matsal upp og niður í matarhléi. Mikið um forföll og aukin útigæsla sem verður til þess að færri eru í matsal.
  - Borð og stólar fyrir alla í nesti og allur búnaður er á staðnum.
  - Matur – kokkur að hætta – búið að auglýsa
  - Dugnaðarforkur Áslandsskóla 2012

Fundi slitið 09:15